

Nr. 76.
14. nóvbr.

Lög

um

heimild fyrir stjórnarráð Íslands til að setja reglugerðir um
notkun hafna o. fl.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Stjórnarráði Íslands veitist heimild til að setja reglugerðir um notkun hafna við löggilt kaupþún og veiðistöður á Íslandi, um notkun á hafnarbryggjum og öðrum mannvirkjum við hafnir, og um seglfestu.

Reglugerð semur sýslumaður eftir tillögum sveitarstjórnar, þar sem höfnin er.

2. gr.

Í reglugerðum þeim, er um ræðir í 1. gr., má ákveða sektir fyrir brot, alt að 400 kr., svo og að heimilt sje að nota höfn og hafnarmannvirki og að taka seglfestu, alt gegn endurgjaldi. Einnig má þar ákveða upphæð gjaldsins og að það megi að eins krefja í peningum, en ekki hlut eða hundraðsgjald af afla útgerðar, sem höfnina eða mannvirkin notar, svo og að ógildir sjeu samningar um að slík útgerð selji eiganda hafnarmannvirkja afla sinn fremur en öðrum.

3. gr.

Með mál um brot gegn reglugerðum þessum skal farið sem almenn lögreglumál. Sektir renna í hafnarsjóð kaupþúns, ef til er, ella í sveitarsjóð þar sem brotið er framið.

4. gr.

Lög nr. 62, 10. nóv. 1905, um heimild fyrir stjórnarráð Íslands til að setja reglugerðir um notkun hafna við kaupþún í landinu o. fl., eru úr gildi numin.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 14. nóvember 1917.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Sigurður Jónsson.